

Aðalfundur Hvetjanda hf.

Aðalfundur Hvetjanda hf. eignarhaldsfélag vegna rekstrarársins 2018, verður haldinn fimmtudaginn 19. september 2019, kl. 13:00 að Hótel Ísafirði, Silfurtorgi, Ísafirði.

Dagskrá fundarins er samkvæmt samþykktum félagsins:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda eða skoðunarmanna félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur eða skoðunarmenn.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna og skoðunarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Tillaga stjórnar um breytingu á samþykktum. Fylgir með fundarboði.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.


Að fundi loknum gefst fundarmönnum kostur á að kynna sér starfsemi fyrirtækja, sem

Hvetjandi hf er hluthafi í.

Þeir hluthafar sem óska eftir að fá sendan ársreikning geta sent tölvupóst á netfang framkvæmdastjóra kgjo@simnet.is frá og með 12. september 2019.

Ísafirði 3. september 2019

f.h. stjórnar Hvetjanda hf. eignarhaldsfélag


Kristján G. Jóhannsson, framkvæmdastjóri

